

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2000/58/EB

frá 22. september 2000

um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa í og á annars vegar kornvörum og matvælum úr dýraríkinu og hins vegar tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2000/48/EB ⁽²⁾, einkum 10. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2000/42/EB ⁽⁴⁾, einkum 10. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2000/57/EB ⁽⁶⁾, einkum 7. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/10/EB ⁽⁸⁾, einkum f-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hið nýja virka efni, kresoxím-metýl, var skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/1/EB ⁽⁹⁾ eingöngu til nota sem sveppaeyðir, en án þess að tilgreind væru sérstök skilyrði sem gætu haft áhrif á uppskeru sem er meðhöndluð með plöntuvarnarefnum sem innihalda kresoxím-metýl.
- 2) Skráningin í I. viðauka byggðist á mati á þeim upplýsingum sem voru lagðar fram vegna fyrirhugaðrar notkunar efnisins sem sveppaeyðis í korn-, kjarna- ávaxta- og vínrækt. Nokkur aðildarríki hafa lagt fram upplýsingar um annars konar notkun í samræmi við kröfurnar í f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Fyrirliggjandi upplýsingar hafa verið endurskoðaðar og þær nægja til þess að ákvarða megi leyfilegt hámarks magn leifa.
- 3) Séu engin ákvæði í gildi um leyfilegt hámarks magn leifa eða um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa á vettvangi bandalagsins skulu aðildarríkin fastsetja innlend bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa í samræmi við f-lið

1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Fyrirliggjandi upplýsingar hafa verið endurskoðaðar og þær nægja til þess að ákvarða megi leyfilegt hámarks magn leifa.

- 4) Þegar kresoxím-metýl var fellt inn í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE var tæknilegu og vísindalegu mati á kresoxím-metýli lokið 16. október 1998 með endurmatsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um kresoxím-metýl. Í þessari endurmatsskýrslu var viðtekinn dagskammtur (ADI) fyrir kresoxím-metýl ákvarðaður 0,4 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Ævilöng váhrif á neytendur matvæla, sem hafa verið meðhöndluð með kresoxím-metýli, hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur sem er farið eftir innan Evrópubandalagsins, að teknu tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gefið út ⁽¹⁰⁾ og reiknað hefur verið út að hámarks magn leifa, sem ákvarðað er í þessari tilskipun, gefi ekki tilefni til þess að farið sé yfir þennan viðtekna dagskammt.
- 5) Við matið og þá umfjöllun, sem fór fram áður en kom til skráningar kresoxím-metýls í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, varð ekki vart bráðra eiturhrifa sem kölluðu á að fastsettur yrði viðmiðunarskammtur fyrir bráða eitrun.
- 6) Skilyrðin fyrir notkun kresoxím-metýls, að því er varðar tilteknar landbúnaðarafurðir, höfðu þegar verið skilgreind þannig að hægt er að fastsetja endanlegt leyfilegt hámarks magn leifa.
- 7) Til að tryggja að neytendur séu nægilega verndaðir gegn váhrifum af völdum leifa í eða á afurðum sem hafa ekki verið samþykktar skal í varúðarskyni setja bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa sem miðast við neðri mörk greiningarákvörðunar fyrir allar afurðir sem ákvæði tilskipana ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE gilda um. Setning slíkra bráðabirgðagilda fyrir leyfilegt hámarks magn leifa á vettvangi bandalagsins kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin ákvarði bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa fyrir kresoxím-metýl í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE og í samræmi við VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, einkum lið 2.4.2.3 í B-hluta. Talið er að fjögur ár nægi til þess að ákvarða flest önnur frekari not kresoxím-metýls. Að þeim tíma liðnum skulu þessi bráðabirgðagildi um leyfilegt hámarks magn leifa verða endanleg.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.⁽²⁾ Stjtið. EB L 197, 3.8.2000, bls. 26.⁽³⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 158, 30.6.2000, bls. 51.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 76.⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 57, 2.3.2000, bls. 28.⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 21, 28.1.1999, bls. 21.⁽¹⁰⁾ Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu (endursk.), samdar af matvælasviði Alþjóðlega umhverfis-eftirlitsins (GEMS/Food Programme), í samráði við Codex-nefndina um varnarefnaleifar, gefnar út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni 1997 (WHO/FSF/FOS/97.7).

- 8) Ráðgast hefur verið við viðskiptalönd bandalagsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um það magn sem ákvarðað hefur verið í þessari tilskipun og athugasemdir þeirra teknar til greina. Framkvæmdastjórnin mun kanna hvort unnt sé að setja vikmörk fyrir leyfilegt hámarks magn leifa tiltekinna samsetninga varnarefna og plantna, þegar um innflutning er að ræða, á grundvelli fullnægjandi, framlagðra gagna.
- 9) Tekið er tillit til álits vísindanefndarinnar um plöntur, einkum ráðlegginga og tilmæla um vernd þeirra sem neyta matvæla sem hafa verið meðhöndluð með varnarefnum.
- 10) Þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

SAMPYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE:

Varnarefnaleif	Hámarks magn í mg/kg
„Kresoxím-metýl	0,05 (*) (b) kornvörur

(*) Sýnir lægri mörk greiningarákvörðunar.

(b) Segir til um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa.“

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í B-hluta II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE:

Varnarefnaleif	Hámarks magn í mg/kg
„Kresoxím-metýl (efnaleif 490M9 ⁽¹⁾ fyrir mjólk og 490M1 ⁽²⁾ fyrir kjöt, lifur, fitu og nýru, gefið upp í kresoxím-metýli)	0,05 (*) (b) mjólk 0,02 (*) (b) kjöt, lifur, fita 0,05 (b) nýru
Kresoxím-metýl	0,02 (*) (b) egg

(*) Sýnir lægri mörk greiningarákvörðunar.

(b) Segir til um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa.

⁽¹⁾ 490M9 = 2-[2-(4-hýdroxý-2-metýlfenoxýmetýl)fenýl]-2-metoxý-imínó-ediksýra.

⁽²⁾ 490M1 = 2-metoxýimínó-2-[2-(o-tolýloxýmetýl)fenýl]ediksýra.“

3. gr.

Hámarks magn efnaleifa fyrir kresoxím-metýl í viðaukanum við þessa tilskipun bætist við II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE.

4. gr.

1. Þar sem leyfilegt hámarks magn leifa fyrir kresoxím-metýl er gefið til kynna sem „(b)“ skal líta svo á að gildin séu til bráðabirgða (b) í samræmi við ákvæði f-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

2. Fjórum árum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi skulu gildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa hvað varðar kresoxím-metýl í viðaukanum eigi lengur vera til bráðabirgða heldur verða endanleg í skilningi 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 86/362/EBE og 86/363/EBE eða 3. gr. tilskipunar 90/642/EBE.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. apríl 2001.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. september 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarksmagn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarksmagn leifa (mg/kg)
Kresoxím-metýl	
1. Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, rotvarin með frýstingu án viðbættis sykurs; hnetur	
i) SÍTRUSÁVEXTIR Greipaldin Sítrónur Súraldin (Límónur) Mandarínur (þar með taldar klementínur og aðrir blendingar) Appelsínur Pómelónur Annað	0,05 (b) (*)
ii) TRJÁHNETUR (Í SKURN EÐA ÁN HENNAÐ) Möndlur Parahnetur Kasúhnetur Kastaníuhnetur Kókoshnetur Heslihnetur Goðahnetur (makadamíahnetur) Pekanhnetur Furuhnetur Pistasúhnetur Valhnetur Annað	0,1 (b) (*)
iii) KJARNAÁVEXTIR Epli Perur Kveði Annað	0,2 (b)
iv) STEINALDIN Apríkósur Kirsiber Ferskjur (þar með taldar nektarínur og áþekkir blendingar) Plómur Annað	0,05 (b) (*)
v) BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN a) Vínber og þrúgur Vínber Þrúgur b) Jarðarber (önnur en villt) c) Klungurber (önnur en villt) Brómber Daggarber Logaber Hindber Annað	1 (b) 0,05 (b) (*) 0,05 (b) (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)
	Kresoxím-metyl
d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt) Aðalbláber Trönuber Rifsber (rauð og hvít) og sólber Stíkilsber Annað	0,05 (b) (*)
e) Villt ber og aldin	0,05 (b) (*)
vi) ÝMISS KONAR ALDIN	
Lárperur Bananar Döðlur Fíkjur Kíví (loðber) Dvergappelsínur Litkaber Mangó Ólífur Píslaraldin Ananas Granatepli Annað	0,2 (b)
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað	
i) RÓTARÁVEXTIR OG HNYÐI	0,05 (b) (*)
Rauðrófur Gulrætur Hnúðsilla Piparrót Ætiffill Nípur Seljurót Hreðkur Hafursrót Sætuhnúðar Gulrófur Næpur Kínakartöflur Annað	0,05 (b) (*)
ii) LAUKAR	0,05 (b) (*)
Hvítlaukur Laukur Skalottlaukur Vorlaukur Annað	
iii) ALDINGRÆNMETI	
a) Náttskuggaætt Tómatar Paprikur Eggaldin Annað	0,5 (b) 1 (b) 0,5 (b) 0,05 (b) (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)
	Kresoxím-metyl
b) Graskersætt — með ætu hýði Gúrkur Smágúrkur Dvergbítar Annað	0,05 (b) (*)
c) Graskersætt — með óætu hýði Melónur Grasker Vatnsmelónur Annað	0,2 (b)
d) Sykurmaís	0,05 (b) (*)
iv) KÁL	0,05 (b) (*)
a) Blómstrandi kál Spergilkál Blómkál Annað	
b) Kálhöfuð Rósakál Höfuðkál Annað	
c) Blaðkál Kínakál Grænkál Annað	
d) Hnúðkál	
v) BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR	0,05 (b) (*)
a) Salat og álfka Karsi Lambasalat Salat Vetrarsalat Annað	
b) Spínat og álfka Spínat Strandblaðka Annað	
c) Brunnperla	
d) Jólasalat	
e) Kryddjurtir Kerfill Graslaukur Steinselja Blaðsellerí Annað	
vi) BELGÁVEXTIR (ferskir)	0,05 (b) (*)
Baunir (með fræbelg) Baunir (án fræbelgs) Ertur (með fræbelg) Ertur (án fræbelgs) Annað	

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)
	Kresoxím-metýl
vii) STÖNGULGRÆNMETI (ferskt) Spergill Salatþistill Sellerí Fennika Ætíþistill Blaðlaukur Rabarbari Annað	0,05 (b) (*)
viii) SVEPPIR a) Ræktaðir ætisveppir b) Villtir ætisveppir	0,05 (b) (*)
3. Belgávestir Baunir Linsubaunir Ertur Annað	0,05 (b) (*)
4. Olúfræ Hörfræ Jarðhnetur Valmúafrae Sesamfræ Sólblómafræ Repjufræ Sojabaunir Mustarðskorn Baðmullarfræ Annað	0,1 (b) (*)
5. Kartöflur Sumarkartöflur Kartöflur af haustuppskeru	0,05 (b) (*)
6. Te (þurrkuð lauf og stíkar, einnig gerjað, úr laufi <i>Camellia sinensis</i>)	0,1 (b) (*)
7. Humlur (þurrkaðir), þar með taldir humlaköggjar og óþykkjað duft	0,1 (b) (*)

*) Sýnir lægri mörk greiningarákvörðunar.

(b) Segir til um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa.